

## 33. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

### Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 15:10 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

#### Viðstaddir:

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar  
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands boðaði forföll stuttu fyrir fund. Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

#### Dagskrá fundarins:

##### 1. Síðustu fundir og upptökur

Forstöðumaður fór yfir helstu fundi og upptökur síðustu mánaða. Þar á meðal rýnifund með grunnskólanemendum vegna Landvættaverkefnis Reykjanes Geopark, námskeið sem forstöðumaður sótti hjá Science Talenter Danmark á vegum GeoCamp, heimsóknir skólahópa, þátttöku í Suðurnesjavettvangi Heimsmarkmiðanna og fund hjá CAFF á Akureyri vegna gagnavörslu.

##### 2. Fréttir af INTERACT

Fyrsti fundur INTERACT III var haldinn í Svíþjóð í febrúar síðastliðnum og sótti forstöðumaður hann. Í kjölfar fundarins var forstöðumanni boðið að verða hluti af matsteymi INTERACT vegna styrkumsókna, sem hann þáði. Þekkingarsetrinu bárust sex umsóknir um TA og RA verkefni í síðasta umsóknaferli, tvær þeirra voru studdar af matsteyminu en fjórum var hafnað. Báðar umsóknirnar sem voru studdar eru vegna Remote Access verkefna sem fela í sér að þekkingarsetrið sér um gagnaöflun vegna rannsókna sem unnar eru erlendis. Setrið hefur samþykkt báðar umsóknirnar og verða verkefnin unnin í sumar. Lokafundur INTERACT II, sem skarast aðeins við INTERACT III, verður haldinn í Norður-Ameríku í lok september og mun forstöðumaður sækja þann fund.

### 3. Starfsáætlun ársins

Forstöðumaður sagði frá helstu verkefnum starfsáætlunar sem bæst hafa við frá síðustu áætlun. Starfsáætlunin er aðgengileg í heild sinni á vefsíðu Þekkingarsetursins undir Skjöl – Starfsskýrslur.

### 4. Viðhaldsáætlun ársins

Forstöðumaður fór stuttlega yfir viðhaldsáætlun ársins en vinna við flesta þætti hennar er hafin og gengur vel.

### 5. Samkomulag á milli HÍ og Suðurnesjabæjar vegna sýningarinnar Heimskautin heilla

Drög að samkomulagi á milli Háskóla Íslands og Suðurnesjabæjar vegna sýningarinnar Heimskautin heilla, sem aðilar stóðu saman að uppsetningu á, var tekið fyrir á bæjarráðsfundi og niðurstaða þeirrar umræðu kynnt stjórn. Málið verður áfram í höndum forstöðumanns setursins og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs bæjarins.

### 6. Önnur mál

Ákveðið var að ársfundur Þekkingarsetursins verði haldinn fimmtudaginn 30. apríl kl. 16. Næsti stjórnarfundur verður kl. 15 sama dag.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Fríða Stefánsdóttir - Sign

---

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

